

Formáli

Í tilefni af 20 ára afmæli Stofnunar Sigurðar Nordals var haldin ráðstefna um kennslu í íslensku sem erlendu og öðru máli við Háskóla Íslands dagana 17.-19. ágúst 2006. Aðalskipuleggjandi var Stofnun Sigurðar Nordals en í undirbúningsnefndinni voru að auki fulltrúar frá íslensku- og enskuskorum Hugvísindadeildar Háskóla Íslands og sendikennurum í íslensku erlendis. Boðið var upp á fjóra lykilfyrirlestra um kennslufræði tungumála og fjórar málstofur um 1) málvísindalegar rannsóknir á máltileinkun, 2) kennslufræði íslensku sem annars máls / íslensku sem erlends máls, 3) menningarmiðlun og samræðu milli menningarheima og 4) vettvang og ramma starfsins fyrr og nú.

Snemma árs 2007 var ákveðið að gefa þeim sem héldu málstofufyrirlestra kost á því að birta efnið á vef Stofnu Sigurðar Nordals við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Undirritaður tók að sér að fylgja þessu eftir, safna inn fyrirlestrum og lesa yfir. Nokkrir fyrirlesarar sendu boð um að þeir hygðust birta greinar sínar annars staðar og standa því vonir til að meira af því efni sem flutt var á ráðstefnunni muni verða aðgengilegt þegar fram líða stundir. Inn söfnuðust sjö greinar til birtingar hér á þessum vettvangi. Eina greinina má lesa bæði á íslensku og ensku.

Höfundum voru ekki settar neinar reglur um frágang greinanna svo fyrirkomulag á tilvísunum og heimildaskrá er ekki samræmt, ekki heldur ýmis smærri atrið er lúta að útliti eins og hvort kaflar og undirkaflar eru númeraðir og fleira í þá veru. Ritstjóri leitaðist þó við að gefa greinunum sameiginlegt yfirbragð við lokafráganginn án þess að rjála við ofangreindum atriðum.

Í tengslum við ráðstefnuna var unnin skrá um efni sem fjallar um íslensku sem erlent og annað mál og máljöfnuð þar sem íslenska kemur við sögu. Krækjan í þessa skrá er:

http://www.nordals.hi.is/Apps/WebObjects/HI.woa/swdocument/1009809/%C3%8Dsl_sem_anna%C3%B0_m%C3%A1ll.pdf).

Ritað í nóvember 2007.

Magnús Hauksson